

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu-, sorpeyðingar og endurvinnslugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Umhverfisgjald A er innheimt árlega vegna sorphirðu, -eyðingar og fyrir afnot af gámavelli, fyrir einstakar íbúðir, íbúðarhúsnæði, sumarhús og lögþýli sem hér segir:

Sorpreinsunargjald, íbúðir	20.000 kr. á hvert sorpílát
Sorpeyðingargjald, íbúðir	32.500 kr. á hvert sorpílát
Sumarhús, lögþýli	32.500 kr.

3. gr.

Umhverfisgjald B er endurvinnslugjald vegna móttöku og þjónustu á gámavelli við lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrirtækja, stofnana, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir:

Flokkur 1	60.000 kr.
Flokkur 2	118.700 kr.
Flokkur 3	178.000 kr.
Flokkur 4	298.000 kr.
Flokkur 5	418.000 kr.
Flokkur 6	718.000 kr.
Flokkur 7 málmar	27 kr. með vsk pr. kg

Hreppsnefnd skipar framangreindum aðilum í gjaldflokka. Þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í viðauka við gjaldskrá.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 2. og 3. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku hreppsnefndar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er hreppsnefnd heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1307/2014.

Tálknafjarðarhreppi, 13. desember 2018.

Bryndís Sigurðardóttir sveitarstjóri.

**VIÐAUKI
við gjaldskrá umhverfisgjalda í Tálknafjarðarhreppi.**

Skilgreining gjaldflokkum umhverfisgjalda B

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokkum vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps fyrir umhverfisgjald:

1. flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (0-2 starfsmenn).
- b) Söลturnar án veitingaaðstöðu.
- c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir).
- d) Lítill hótel eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti).
- e) Bílaleigur.

2. flokkur

- a) Lítill iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn).
- b) Meðalstór hótel eða gistiheimili (fyrir 11-25 gesti).
- c) Söלturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti).
- d) Litlir skólar (0-15 nemendur).
- e) Leikskólar.
- f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (3-5 starfsmenn).
- g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári).

3. flokkur

- a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir).
- b) Miðlungs verslun.
- c) Áhaldahús.
- d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur).
- e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (6-8 starfsmenn).
- f) Stærri hótel eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti).
- g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn).
- h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári).

4. flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (9 eða fleiri starfsmenn).
- b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri).
- c) Matvöruverslanir og stærri verslanir.
- d) Stærri fiskverkanir (501-1.000 tonn á ári).
- e) Bankar og sparisjóðir g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn).
- f) Bensínstöðvar.

5. flokkur

- a) Minni fiskvinnslustöðvar (1.000-2.000 tonn/ári).
- b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfsmenn eða fleiri).

6. flokkur

- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2.000 tonn/ári og yfir).
- b) Heilbrigðisstofnun.